

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur stofnunarinnar. Stjórnin ákveður starfskjör framkvæmdastjóra. Hún veitir prókúruumboð fyrir stofnunina.

7. gr.

### **Breytingar á skipulagsskránni.**

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef stjórn stofnunarinnar er einhuga um það. Sé stjórn einhuga um að leggja stofnunina niður skal leita staðfestingar dómsmálaráðherra á því. Skal þá eignum stofnunarinnar ráðstafað í samræmi við markmið hennar.

8. gr.

### **Skráning stofnunarinnar.**

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Grindavík, 24. apríl 2001.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júní 2001.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

## **REGLUGERÐ**

### **um skipun starfsgreinaráða.**

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar. Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi menntamálaráðherra. Varanmenn skulu skipaðir með sama hætti. Við skipun fulltrúa í starfsgreinaráð skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekenda og launþega.

2. gr.

Starfsgreinaráð eru skipuð í eftirtöldum starfsgreinafloknum:

- a. björgunar-, öryggis- og löggæslugreinum,
- b. bygginga- og mannvirkjagreinum,
- c. farartækja- og flutningsgreinum,
- d. heilbrigðis- og félagsgreinum,
- e. hönnunar- og handverksgreinum,
- f. matvæla- og veitingagreinum,
- g. málm-, véltækni- og framleiðslugreinum,
- h. náttúrunýtingu,
- i. rafíðngreinum,
- j. sjávarútvegs- og siglingagreinum,

- k. uppeldis- og tómstundagreinum,
- l. upplýsinga- og fjölmiðlagreinum,
- m. verslunar-, skrifstofu- og fjármálagreinum,
- n. snyrtigreinum.

## 3. gr.

Í starfsgreinaráðum sitja að jafnaði 7 fulltrúar, 6 tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og launafólks í viðkomandi greinum svo sem kveðið er á um í 5. gr. og einn tilnefndur af menntamálaráðherra. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Ráðherra getur skipað fleiri eða færri einstaklinga í starfsgreinaráð ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Formaður skal kjörinn úr hópi fulltrúa til tveggja ára í senn.

## 4. gr.

Við tilnefningu fulltrúa í starfsgreinaráð skal við það miðað að þar komi saman einstaklingar er hafa þekkingu á þeim störfum sem falla innan viðkomandi starfsgreinaflokks, hafa reynslu af fræðslustarfssemi á sínu sviði og þekkja þá stefnu sem mótuð hefur verið um þróun þess starfsnáms er undir ráðið heyrir.

## 5. gr.

Fulltrúar fyrir samtök vinnumarkaðarins í starfsgreinaráðum eru tilnefndir sem hér segir:

*Starfsgreinaráð björgunar-, öryggis- og löggæslugreina:* 2 fulltrúar tilnefndir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Starfsgreinasambandi Íslands og 2 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins. Auk þeirra tilnefnir dóms- og kirkjumálaráðuneytið 1 fulltrúa.

*Starfsgreinaráð bygginga- og mannvirkjagreina:* 2 fulltrúar tilnefndir af Samiðn, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Múrara-sambandi Íslands, Sveinafélagi pípulagningamanna og Veggfóðrarafélagi Reykjavíkur og 4 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

*Starfsgreinaráð farartækja- og flutningsgreina:* 2 fulltrúar tilnefndir af Samiðn, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins og 2 fulltrúar tilnefndir af Bílgreinasambandinu.

*Starfsgreinaráð heilbrigðis- og félagsgreina:* 2 fulltrúar tilnefndir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands og 1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Auk þeirra tilnefnir félagsmálaráðuneytið 1 fulltrúa og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 1 fulltrúa.

*Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina:* 1 fulltrúi tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 1 fulltrúi tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Form Ísland og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

*Starfsgreinaráð matvæla- og veitingagreina:* 2 fulltrúar tilnefndir af Matvís, 1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Landssambandi ísl. verslunarmanna og Starfsgreinasambandi Íslands og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

*Starfsgreinaráð málm-, véltækni- og framleiðslugreina:* 2 fulltrúar tilnefndir af Samiðn, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

*Starfsgreinaráð í náttúrunýtingu:* 1 fulltrúi tilnefndur af Samiðn, 1 fulltrúi tilnefndur af Félagi leiðsögumanna, 1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra verslunarmanna, 2 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins og 1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

*Starfsgreinaráð rafiðngreina:* 3 fulltrúar tilnefndir sameiginlega af Rafiðnaðarsambandi Íslands og Samtökum atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði.

*Starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina:* 1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandinu, 1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Samtökum kaupskipaútgerða og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

*Starfsgreinaráð uppeldis- og tómstundagreina:* 2 fulltrúar tilnefndir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og 1 fulltrúi tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Að auki tilnefnir menntamálaráðherra 1 fulltrúa.

*Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina:* 1 fulltrúi tilnefndur af Blaðamannafélagi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Félagi bókagerðarmanna, 1 fulltrúi tilnefndur af Félagi grafískra teiknara og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

*Starfsgreinaráð fjármála- og verslunargreina:* 1 fulltrúi tilnefndur af Landssamband íslenskra verslunarmanna, 1 fulltrúi tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra bankamanna og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

*Starfsgreinaráð snyrtigreina:* 1 fulltrúi tilnefndur af Samiðn, 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi íslenskra snyrtifræðinga, þar af 1 meistari og 1 sveinn og 1 fulltrúi tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 28. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 18. júní 2001.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

## REGLUGERÐ

**fyrir sjóð skv. 2. gr. laga nr. 80/1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.**

#### 1. gr.

Sjóðurinn starfar samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1996, sbr. 2. gr. laga nr. 15/2001 og eftir ákvæðum reglugerðar þessarar.

Iðnaðarráðherra skipar stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn. Stjórn sjóðsins skal skipuð einum fulltrúa Skútustaðahrepps, einum fulltrúa Húsavíkurbæjar, einum fulltrúa samgönguráðherra, einum fulltrúa umhverfisráðherra og einum fulltrúa iðnaðarráðherra sem jafnframt skal vera formaður stjórnarinnar.

#### 2. gr.

Stjórnin tekur ákvarðanir um málefni sjóðsins. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði. Til ákvörðunar þarf meirihluta atkvæða. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns stjórnar sjóðsins.